

**Sp. 160. Tillaga til þingsályktunar**

um framkvæmdir á Rafnseyri við Arnarfjörð.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Einar Olgeirsson, Gunnar Thoroddsen,  
Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela nefnd þeirri, er skipuð verður til að undirbúa hátíðahöld vegna lýðveldisstofnunar á Íslandi, að rannsaka og gera tillögur um nauðsynlegar framkvæmdir á Rafnseyri við Arnarfjörð, fæðingarstað Jóns Sigurðssonar.

**G r e i n a r g e r ð .**

Flutningsmönnum þykir það tilhlýðilegt, að fæðingarstað Jóns Sigurðssonar sé nokkur sómi sýndur í sambandi við lýðveldisstofnun á Íslandi. Rafnseyri við Arnarfjörð er einn mestur sögustaður á Vestfjörðum að fornu og nýju og þannig í sveit sett, að þangað munu margir sækja, þegar samgöngur batna. Þyrfti þar að vera gisti-hús, sem gæti verið skóli á vetrum. Athuga mætti, hvort byggðasafn fyrir Vestfirði væri þar ekki vel sett, og fleira mætti til nefna. En það telja flutningsmenn skylt að sýna staðnum sóma vegna þeirrar helgi, sem á honum hvílir.